

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. apríl 2009
Tilvísun: UST20090400002/bs

Jarðhitanýting við Gráuhnúka. Tillaga að matsáætlun. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. mars 2009 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda tillögu að matsáætlun: Í inngangi kemur fram að Orkuveita Reykjavíkur mun hefja mat á umhverfisáhrifum vegna orkuvinnslu við Gráuhnúka. *"Með því móti er hægt að greina frá hugsanlegum áhrifum á umhverfi á yfirborði áður en farið verður úti umfangsmeiri framkvæmdir á svæði sem í dag er nær óraskað."*

Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að kanna möguleg umhverfisáhrif framkvæmda við upphaf mannvirkjagerðar eins og hér er gert.

Sammögnunaráhrif. Umhverfisstofnun telur að gera eigi grein fyrir mögulegum sammögnunaráhrifum með umfjöllun um umhverfisþætti sem fjallað verður um í frummattskýrslu og fjallað hefur verið um í fyrri matsskýrslum. Ekki síst á þetta við um sammögnunaráhrif af efnulosun allra virkjana á svæðinu í loft, vatn og jarðveg.

Ahrif á landslag: Umhverfisstofnun telur að mat á áhrifum mannvirkjagerðar á landslag eigi að vera virkt tæki við ákvörðun á staðsetningu mannvirkja til að tryggja að samspli mannvirkja og landslags verði sem best, en ekki óvirk skrásetning á áhrifum framkvæmda á landslag.

Sjónræn áhrif: Um þetta triði segir m.a.: *"Niðurstöður greininga á sýnileika mannvirkja verða settar fram á korti."* Umhverfisstofnun telur að þessar niðurstöður eigi að setja fram með þeim hætti að samhengi mannvirkja og jarðmyndana á yfirborði sé ljós þannig að unnt verði að leggja mat á það rask sem framkvæmdin hefði í förl með sér ef ráðist væri í þá aðgerð að gera lagnir eða önnur mannvirki torsýnileg.


Umhverfisstofnun telur að með því að hefja mat á umhverfisáhrifum eins snemma í ferli framkvæmda og hér er gert mjög jákvætt og gefi aðra og meiri möguleika til umfjöllunar um möguleg áhrif jarðhitánýtingar við Gráuhnúka. Til að þetta verklag komi að fullum notun ætti umfjöllun um ýmsa þætti framkvæmdarinnar að vera með nokkuð öðrum hætti í frummattskýrslu en gert er ráð fyrir í umræddri tillögu að matsáætlun. Tillaga að matsáætlun er að uppbryggingu nánast samhljóða öðrum matsskýrslum um nýtingu jarðhita á Hellisheiði. Að mati stofnunarinnar er ekki tekið nægjanlegt tillit til þess í umfjöllun í tillögu að

matsáætlun að hér er verið að fjalla um mögulegar framkvæmdir, ýmist í nánustu framtíð eins og t.d. rannsóknaboranir eða nýtingu svæðisins til lengri tíma. Í ljósi þessa telur Umhverfisstofnun að í frummatsskýrslu ætti að gera grein fyrir hvaða aðferðafræði verði viðhöfð við mannvirkjagerð ef að nýtingu verður, en einnig hvernig skilið verði við svæðið eða hluta þess ef ekki kemur til nýtingar.

Að öðru leyti telur Umhverfisstofnun að tillaga að matsáætlun sé í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst

Björn Guðmundsson
Björn Stefansson



Hjalti Guðmundsson
Sviðsstjóri